

199. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 20. FEBRÚAR 2013

haldinn á Biskupsstofu kl 9:30

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning, fundargerðir síðustu tveggja funda
2. Kirkjuþing 2012
 - a) Undirbúningur 8. þingfundar
 - b) Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembættu og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999 (hækkun aksturskostnaðar héraðspreta í sameinuðum prófastsdæmum)
 - c) Undirbúningsnefnd vegna fimm alda minningar siðbótarinnar
3. Fasteignir
 - a) Sala Kálfafellsstaðar, Sveitarfélaginu, Hornafirði
 - b) Sala jarðarinnar Traðar, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
 - c) Sala Hjarðarhaga 30, Reykjavík
 - d) Tilboð ábúenda í jörðina Borgarhól, Akrahreppi
 - e) Tilboð ábúanda í jörðina Efsta-Kot (úr landi Holts undir Eyjafjöllum)
 - f) Setning sviðsstjóra fasteignasviðs
 - g) Strandarkirkja, deiliskipulag (markmið kirkjuráðs um nýtingu jarðanna - stefnumótun)
4. Fjármál
 - a) Skjalavarsla – Kynning á nýju skjalavistunarkerfi og tímabundinn þjónustusamningur
 - b) Trúnaðarlæknir Biskupsstofu – þjónustusamningur við Vinnuvernd ehf.
 - c) Aukning námsleyfakvóta um sex mánuði
 - d) Langholtskirkja
 - e) Samskiptamiðstöð heyrnarlausra
 - f) Embættiskostnaður vígslubiskupa í Skálholti og á Hólum
 - g) Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs
 - h) Fjárstyrkur velferðarráðuneytisins vegna starfs prests innflytjenda
5. Verkefni og stefnumótun Biskupsstofu
6. Önnur mál
 - a) Fundargerð kirkjustarfshóps
 - b) Minnisblað Gests Jónssonar hrl. um val á prestum lagt fram til kynningar
 - c) Breyting á lögum um skráð trúfélög
 - d) Álit Feneyjanefndar um trúmál í stjórnarskrá
 - e) Minnisblað vegna undirbúnings á máli til kirkjuþings um kyrrðarstarf
 - f) Úttekt á breytingum á prestakallaskipan sl. 15 ár
 - g) Skipun fulltrúa í æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar (í stað Péturs Bj. Þorsteinssonar)
 - h) Skipun varamanns í fagråd um meðferð kynferðisbrota
 - i) Svör við erindi Innanríkisráðuneytisins vegna máls Jóhönnu Guðjónsdóttur kynnt

1. FUNDARSETNING, FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

199. kirkjuráðsfundur hófst á Biskupsstofu miðvikudaginn 20. febrúar kl. 9:30. Mætt voru biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir. Fundinn sátu jafnframt Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri og Þorvaldur Víðisson biskupsritari sem ritaði fundargerð. Magnús E. Kristjánsson forseti kirkjuþings sat fundinn þegar málefni kirkjuþings voru til umfjöllunar. Biskup hóf fundinn á ritningarlestri og bæn.

Fundargerðir 197. og 198. kirkjuráðsfundar voru samþykktar.

2. KIRKJUÞING 2012-2013

a) *Undirbúningur 9. þingfundar.*

Forseti kirkjuþings kynnti það sem liggur fyrir 9. þingfundi kirkjuþings. Meðal annars rætt um bráðabirgðaákvæði sem samþykkt var í haust þess efnis að heimilt er að fresta þingfundum í allt að sex mánuði.

b) *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembætta og vegna prófastsstarfa nr. 819/1999 (hækkun aksturskostnaðar héraðspresta í sameinuðum prófastsdæmum).*

Kirkjuráð hyggst flytja tillögu að starfsreglum um framangreint efni og mun óska eftir því við forseta og forsætisnefnd kirkjuþings að fá undanþágu frá almennum reglum um framlagningu og kynningu mála á kirkjuþingi.

c) *Undirbúningsnefnd vegna fimm alda minningar siðbótarinnar.*

Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar mun leggja fram starfsáætlun sína á kirkjuþinginu til kynningar.

3. FASTEIGNIR

a) *Sala Kálfafellsstaðar, Sveitarfélaginu, Hornafirði.*

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að halda málinu áfram.

b) *Sala jarðarinnar Traðar, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.*

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að halda málinu áfram.

c) *Sala Hjarðarhaga 30, Reykjavík.*

Samþykkt að fresta sölu.

d) *Tilboð ábúenda í jörðina Borgarhól, Akrahreppi.*

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að skoða málið betur og gera gagntilboð.

e) *Tilboð ábúanda í jörðina Efsta-Kot (úr landi Holts undir Eyjafjöllum).*

Framkvæmdastjóri skýrði frá ósk ábúanda um að fá að kaupa helmingshlut í jörðinni Efsta-Koti úr landi Holts undir Eyjafjöllum, en ábúandinn á þegar helming jarðarinnar á mótí

Kirkjumálasjóði. Óskað hefur verið eftir verðmati. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að halda málinu áfram.

f) *Setning sviðsstjóra fasteignasviðs.*

Samþykkt að fresta setningu sviðsstjóra uns endurskoðað skipurit Biskupsstofu liggur fyrir.

g) *Strandarkirkja, markmið kirkjuráðs um nýtingu jarðanna (stefnumótun).*

Samþykkt að fela Strandarkirkjunefnd að gera formlegar tillögur og fjárhagsáætlun til kirkjuráðs um framtíðarsýn fyrir umhverfi Strandarkirkju.

4. FJÁRMÁL

a) *Skjalavarsla – Kynning á nýju skjalavistunarkerfi og tímabundinn þjónustusamningur.*

Nýtt skjalavistunarkerfi var keypt á liðnu ári og hefur verið í innleiðingu á síðustu mánuðum. Þörf er á frekari aðstoð við innleiðingu kerfisins.

Samþykkt að biskup geri tímabundinn þjónustusamning við Gagnavörsluna vegna innleiðingarinnar. Má verja til þess allt að einni millj. kr.

b) *Trúnaðarlæknir Biskupsstofu – þjónustusamningur við Vinnuvernd ehf.*

Skrifstofustjóri kynnti hugmyndir að gerð þjónustusamnings vegna þjónustu trúnaðarlæknis fyrir Biskupsembættið. Um er að ræða þjónustu á sviði vinnu- og heilsuverndar. Margar stofnanir hafa samið um sambærilega þjónustu fyrir starfsfólk sitt. Samþykkt að skoða málið í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014.

c) *Aukning námsleyfakvóta um sex mánuði.*

Biskup kynnti að svigrúm sem nemur sex mánaða launa- og rekstrarkostnaði hefði skapast vegna starfsloka þjónandi sóknarprests á árinu. Ekki var gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Biskup óskaði eftir því að þetta yrði nýtt til að auka námsleyfakvóta úr þremur mánuðum í níu. Þannig væri hægt að mæta fleiri óskum um námsleyfi. Kirkjuráð samþykkti þessa málaleitan.

d) *Langholtskirkja.*

Upplýst var um stöðu fjármála sóknarinnar, sem er nokkuð erfið. Málið er í höndum sóknarnefndar.

e) *Beiðni Samskiptamiðstöðar heyrnarlausra um styrk vegna táknmálstúlkunar við kirkjuþjónustu.*

Kynnt var beiðni Samskiptamiðstöðar heyrnarlausra um styrk vegna táknmálstúlkunar við kirkjuþjónustu. Kirkjan veitir heyrnarlausum, heyrnarskertum og fjölskyldum þeirra þjónustu prests í fullu starfi. Kirkjan kostar laun hans, menntun og starfsaðstoðu. Kirkjuráð samþykkir að fjárveitingar vegna náms prestsins að upphæð 1.m.kr. megi flytjast milli ára 2012 til 2013. Að öðru leyti hafnar kirkjuráð umsókn Samskiptamiðstöðvar.

f) *Embættiskostnaður vígslubiskupa í Skálholti og á Hólum.*

Biskupafundur í janúar óskaði eftir að kirkjuráð tæki upp fyrri ákvörðun sína um að embættiskostnaður vígslubiskupa yrði greiddur út í sömu hlutföllum og embættiskostnaður presta.

Málið kynnt og rætt. Fyrri ákvörðun kirkjuráðs er óbreytt.

g) *Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs frá 19. febrúar lögð fram.*

Bíldudalssókn: Fjárhagsstaða sóknarinnar var kynnt, en hún er nokkuð erfið. Samþykkt var að veita viðbótarstyrk úr Jöfnunarsjóði sókna árið 2013 að upphæð 1.m.kr. til að greiða upp lán sóknarinnar hjá Dróma, enda er Jöfnunarsjóður sókna í ábyrgð fyrir láninu.

h) *Fjárstyrkur velferðarráðuneytisins vegna starfs prests innflytjenda.*

Biskup mun taka upp viðræður við ráðuneytið um að gera þjónustusamning um embætti prests innflytjenda.

5. VERKEFNI OG STEFNUMÓTUN BISKUPSSTOFU

Minnispunktur um undirbúning að stefnumótun Biskupsstofu voru lagðir fram til kynningar. Í þessu sambandi var rætt um nýlega birtar auglýsingar á störfum mannauðs- og skrifstofustjóra Biskupsstofu og fasteignasviði Biskupsstofu. Sr. Gunnlaugur Stefánsson óskaði eftir sérþóknun um að beðið verði með ráðningar í starf mannauðs- og skrifstofustjóra biskupsstofu og starf á fasteignasviði Biskupsstofu uns nýtt skipurit Biskupsstofu liggur fyrir.

6. ÖNNUR MÁL

a) *Fundargerð kirkjustarfshóps.*

Fundargerðin kynnt og rædd.

b) *Minnisblað Gests Jónssonar hrl. um val á prestum.*

Minnisblað Gests Jónssonar hrl. um val á prestum lagt fram til kynningar. Niðurstaða Gests er þess efnis að heimilt er að kjósa í kjörnefnd sem velur prest með leynilegri kosningu.

c) *Breyting á lögum um skráð trúfélög.*

Kynnt voru nýsamþykkt lög um breytingu á lögum um skráð trúfélög nr. 108/1999. Meginbreytingarnar eru þær að svonefnd lífsskoðunarfélög geta fengið skráningu með sama hætti og trúfélög, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Einnig hefur reglum um skráningu barna í trúfélög verið breytt. Biskup mun senda kynningu til presta um þær breytingar sem löggin hafa í för með sér varðandi skráningu í trúfélög.

d) *Álit Feneyjanefndar um trúmál í stjórnarskrá lagt fram til kynningar.*

Lögð voru fram og kynnt drög að álit nefndar Evrópuráðsins um lýðræði með lögum (Feneyjanefnd) um frumvarp að nýrri stjórnarskrá Íslands 11. febrúar 2013. Fjallað er um trúmál í ákvæðum 55. – 58. í álitinu.

e) *Minnisblað vegna undirbúnings á máli til kirkjuþings um kyrrðarstarf.*

Katrín Ásgrímsdóttirlagði fram minnisblað vegna undirbúnings á máli til kirkjuþings um kyrrðarstarf. Kirkjuráð óskaði eftir að kirkjustarfshópur kirkjuráðs og biskupafundur taki málið til umfjöllunar.

f) *Úttekt á breytingum á prestakallaskipan sl. 15 ár.*

Kirkjuráð ræddi breytingar á prestakallaskipan undanfarin 15 ár. Samþykkt var að fela fjármálastjóra og biskupsritara að taka saman yfirlit yfir breytingar á prestakallaskipan frá 1998.

g) *Skipun fulltrúa í æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar.*

Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni í Gleráarkirkju er að láta af starfi sem formaður æskulýðsnefndar þjóðkirkjunnar. Varaformaður er Jónína Sif Eypórsdóttir og mun hún taka við formennsku í nefndinni.

h) *Skipun varamanns í fagráð um meðferð kynferðisbrota.*

Samþykkt var að skipa Guðrúnu Agnarsdóttur hjúkrunarfræðing sem varamann í fagráð um meðferð kynferðisbrota.

i) *Svör við erindi Innanríkisráðuneytisins vegna máls Jóhönnu Guðjónsdóttur.*

Á fundi kirkjuráðs þann 29. janúar 2013, var fjallað um erindi Innanríkisráðuneytisins vegna máls Jóhönnu Guðjónsdóttur. Sjá fundargerð þess fundar. Lögð voru fram til kynningar svarbréf Péturs Kr. Hafstein, fyrrverandi forseta kirkjupings, dags. 8. febrúar 2013, til kirkjuráðs og sr. Karls Sigurbjörnssonar, biskups, dags. 14. febrúar 2013, til kirkjuráðs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:45

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari